

Fráleit vinnubrögð Fiskistofu og félaga

Hafnarnes VER hf er venjulegt fjölskyldufyrirtæki sem stundar útgerð og fiskvinnslu í Þorlákshöfn. Hér á eftir er sögð sagan af því hvernig Fiskistofu tókst að taka fjölskylduna og fyrirtækið og halda í heljargreipum með ásökunum sem áttu sér ekki stoð í raunveruleikanum og óeðlilegum vinnubrögðum sem ekki eiga að sjást. Ljóst er að ekki er allt með felldu hjá þessari stofnun.

Upphafið

Það var venjulegur dagur í marsmánuði árið 2010 þegar fulltrúar Fiskistofu komu til okkar í Hafnarnes VER hf. Það kippti sér enginn sérstaklega upp yfir því enda gerðum við ekki ráð fyrir öðru en að þetta væri sárasaklaus heimsókn. Þau komu til okkar og vildu fá gögn frá okkur og afrit af tölvum. Ein stúlkan sem starfaði á skrifstofunni spurði hvort þau hefðu heimild til þess og starfsmaður Fiskistofu svaraði um hæl, "þú skalt bara átta þig á því vinan að við höfum víðtækari heimildir heldur en ríkisskattstjóri", hvort sem það var rétt hjá honum eður ei skal látið liggja á milli hluta, en þarna var tónninn sleginn í mál sem engann óraði fyrir að gæti orðið jafn stórt og fjarstæðukennt og raunin varð.

Starfsfólk Hafnarnes VER hf reyndi að aðstoða fiskistofufulltrúana eftir bestu getu og gáfu þeim aðgang að þeim gögnum sem beðið var um. Fiskistofa tók afrit af tölvum og tók möppur úr bókhaldi og önnur skjöl, þar á meðal afhenti stúlka á skrifstofunni handskrifað minnisblað vegna ársreikningsgerðar sem endurspeglar átti varlega áætlað verðmætamat birgða áramótin 2008/2009, stúlkunni grunaði ekki hversu afdrifaríkt þetta tiltekna minnisblað myndi verða í þessu máli.

Þegar leið á daginn létu fulltrúar Fiskistofu sig hverfa eftir daginn og tóku með sér bókhaldsgögn fyrirtækisins á sama tíma og starfsfólk var að vinna í þessum gögnum, leið svo og beið og þurftu starfsmenn Hafnarnes VER að ýta á eftir því að fá gögnin aftur til að geta haldið áfram starfi sínu en það hafðist á endanum.

Tilhæfulausar ásakanir

Nú leið tíminn og ekkert heyrðist frá Fiskistofu og höfðum við litla ástæðu til að ætla að þessi heimsókn yrði eitthvað meira en eins dags truflun. En í febrúar árið 2011 fáum við bréf þar sem Fiskistofa tilkynnir okkur að við rannsókn þeirra á gögnum þeim sem sótt voru í mars árið 2010 hafi komið í ljós óútskýrður munur á keyptum og seldum afurðum. Þetta kom okkur að sjálfsgöngu á óvart enda hafði ekkert óeðlilegt átt sér stað, en þessi rannsókn Fiskistofu sem hafði tekið heila 11 mánuði á þessum tímamarki fullyrta annað. Var okkur nú gefinn kostur á því að svara þessum ásökunum sem við og gerðum.

Við tókum til þau gögn sem nauðsynleg voru máli okkar til stuðnings, þar á meðal innkaupanótur, reikninga og annað, við vorum jafnvel með tölvupósta sem sönnuðu mál okkar. Allt var þetta sent Fiskistofu til yfirferðar. Fiskistofa tók hluta gagnanna gild og leiðrétti þær ásakanir sem þau héldu fram gegn okkur varðandi þorskinn en héldu áfram fullyrðingum sínum um ufsa og löngu.

Slæleg vinnubrögð Fiskistofu

Til marks um hroðvirknisleg vinnubrögð sem viðhöfð voru að hálfu Fiskistofu má benda á að við fundum til öll nauðsynleg gögn fyrir Fiskistofu, flokkuðum þau og röðuðum skipulega til þess að auðvelt væri að leita í þeim. Starfsmönnum Fiskistofu tóks að taka gögnin öll í sundur og rugla þeim svo mikið að þau óskuðu eftir því að við myndum finna til sömu gögn handa þeim í annað sinn. Þetta tók að sjálfsögðu all mikinn tíma sem ekki hefði þurft ef starfsmenn Fiskistofu hefðu farið með gögnin af virðingu og skilningi yfir þeim mikla tíma sem það tók að finna allt saman til. Til að bæta gráu ofan á svart þá áttu starfsmenn fiskistofu erfitt með að skilja reikninga fyrirtækisins, ennfremur rugluðu þau saman fisktegunum og afurðum auk annars klaufagangs sem ekki eiga að sjást í störfum sérfræðinga hjá opinberri stofnun.

Minnisblaðið

Megingagnið sem Fiskistofa byggði á, í raun eina gagnið var þetta blessaða handskrifada minnisblað. Tilurð miðans voru þau að við höfðum átt talsvert af löngu og ufsa um áramótin sem ekki hafði tekist að selja, þetta átti að fara til Brasilíu fyrir jólamarkaðinn, en það brást og sátum við uppi með vöru sem var ekki líklegt að gæti selst svo glatt. Eins og siður er þegar gerðir eru ársreikningar þá er farið varlega í að meta birgðir til að staðan líti ekki betur út en hún í raun og veru er. Þetta er það sem gert var; starfsmaður sem sá um bókhaldið kemur til eigenda fyrirtækisins og spyr um verðmætamat á birgðum um áramót, hann tjáir henni að meta lönguna og ufsann miðað við x magn á ákveðnu verði, til að koma verðmætamatinu til endurskoðandans. Þetta skrifaði hún niður og lætur endurskoðandann fá verðmætamatið. Að endingu tekst svo að selja vörurnar og var það gott mál að við töldum. Fiskistofa hinsvegar misskildi þetta handskrifada minnisblað sem fullyrðingu um birgðarstöðu í magni og byggði allan sinn málf lutning á hendur okkur á því, án þess að rannsaka þau grundvallarskjöl sem við bentum þeim á að kanna til þess að leiðrétta þennan misskilning og telur þessa sölu vera með hráefni sem ekki var vigtað, þrátt fyrir sannanir okkar um annað.

Sinntu ekki rannsóknarskyldum

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að benda starfsmönnum Fiskistofu á að nauðsynlegt væri að skoða árið 2008 til að fá rétta upphafsstöðu birgða áramótin 2008/2009, gerðu þau ekkert í því að sannreyna þær fullyrðingar sem þau höfðu sett fram, starfsfólk Fiskistofu uppfyllti ekki rannsóknarskyldu sína. Við svona vinnubrögð vakna óhjákvæmilega hjá manni áleitnar spurningar um hæfi Fiskistofu.

Þrátt fyrir öll þau gögn sem við lögðum til grundvallar til að sýna fram á að ásakanir Fiskistofu væru rangar fór það svo að þau ákvörðuðu í lok ágúst 2011 að við þyrftum að greiða tæpar 21 milljón króna í verkefnasjóð sjávarútvegsins. Þessari ákvörðun var að sjálfsögu mótmælt við Fiskistofu en þeir úrskurðuðu svo aftur í desember 2011 og sátu fastir við sinn keip, enda sátir með að sýna fram á nauðsyn þess að þeir þurfi að vera til staðar til að klekkja á öllum „glæpamönnum“ sem starfa í greininni.

Úrskurðarnefnd of háð Fiskistofu

Því næst var ákvörðunin kærð til úrskurðanefndar um ólögmetan sjávarafla. Sú nefnd tók málið fyrir og að því virtist til sýnis, ekki fór mikið fyrir rannsókn hennar á gögnunum líkt og lög gera ráð fyrir og ávallt átti Fiskistofa að eiga síðasta orðið. Það fór því svo að þessi úrskurðarnefnd, sem ekki virtist þurfa að skoða gögnin betur, staðfesti úrskurð Fiskistofu, en þau veltu því þó fyrir sér hvort það hefði átt að rannsaka málið betur. Það er ljóst að eitthvað þarf að athuga í starfi þessarar nefndar sem hleypir jafn umdeildum verkum og þessum í gegn og nauðsynlegt að endurskoða þarf ramma nefndarinnar og annað í því ljósi.

Leitað til dómstóla

Við hjá Hafnarnes VER hf neyddumst því til að leita til óháðra dómstóla til að rétta okkar hlut sem hafði verið heldur skertur af hálfu þessa aðila sem eiga að heita hlutlausir eftirlitsaðilar. Fór það því svo að mál Hafnarnes VER hf gegn Fiskistofu/Íslenska ríkinu var flutt í september 2013, rúmum þremur árum eftir að innrás Fiskistofu átti sér stað og þessi vitleysa hófst. Við höfðum óskað eftir því að með héraðsdómaranum yrðu fengnir faglærðir meðdómendur og gekk það eftir, einn löggildur endurskoðandi og einn matvælafræðingur voru kvaddir til og sátu þinghaldið. Það tók dómarana ekki langan tíma að úrskurða okkur í hag enda augljóst mál á hverslags villigötum Fiskistofa og hennar meðreiðasveinar voru á.

Lygar fiskistofustarfsmanna

Að fylgjast með málinu í dómsal var sérstakt enda veigruðu ónefndir starfsmenn Fiskistofu sér ekki við að segja ósatt fyrir framan dómarana og hagræða sannleikanum sér í vil, en það hafði ekki áhrif enda var málið sem þau bjuggu til byggt á sandi. Annar starfsmaður Fiskistofu átti í miklum erfiðleikum með að muna hina ýmsu þætti í málinu, sem er í sjálfu sér eðlilegt enda liðin meira en þrjú ár frá innrás þeirra. Það atriði sem þeim fannst mikilvægt að hagræða sannleikanum um var hið handskrifada minnisblað, sem líkt og áður hefur komið fram var lykilgagn í máli þeirra. Stúlkan sem bar vitni virtist ekki muna mikið en sagðist þó muna eins og það hefði gerst í gær að eigandinn hafi afhent þeim hið handskrifada minnisblað, hún mundi ekki hvaða tölvumaður hefði komið með þeim og var fyrst ekki alveg viss hvort tölvumaður hefði komið með, en hún mundi hver átti að hafa afhent henni minnisblaðið. Hið rétta er að eigandinn snerti aldrei þetta minnisblað, blaðið var skrifað af starfsmanni í bókhaldinu og afhent af sama starfsmanni án þess að eigandinn kæmi þar nokkuð nálægt, starfsmaður Fiskistofu sagði reyndar einnig að eigandinn hafi staðið með þeim á skrifstofunni allan daginn, sem verður að teljast sérstakt þar sem fleiri starfsmenn Fiskistofu voru á svæðinu þar á meðal inni í vinnslu að telja birgðir, eigandinn var því útum allt og taldi það mikilvægara að vera inni í vinnslu, enda voru stúlkurnar á skrifstofunni fullfærar um að sinna starfsmönnum Fiskistofu þar inni. Það verður að teljast sérstakt að starfsmenn Fiskistofu finni sig svo knúna til að reyna að krefsa í bakkann, að þau taki sig til og fari með rangt mál um atburðarrásina. Á staðnum voru tvö önnur vitni sem geta staðfest að þetta er ekki réttur framburður hjá þessari stúlku sem og hinum starfsmanni Fiskistofu sem kom með sömu rausu.

Hvorki hún né hinn starfsmaðurinn sem meginþunga á rannsókn málsins virtust bera gátu sagst hafa einhverja yfirsýn á málið, og þegar þau voru spurð um einfalda hluti þá bentu þau hvort á annað og virtust ekki vita neitt, stúlkan vísaði oft í að hún vildi ekki svara eða myndi ekki. Það verður að segjast eins og er að þeirra framburðir og vinnubrögð eru opinberum starfsmönnum ekki til framdráttar. Ósannsögli þeirra bendir líka sterklega til þess hve hlutdræg þau hafa verið í rannsókninni, það átti að negla okkur sama hvað sannleikanum tautar og raular.

Álit lögmans

Auk þess að fá okkur lögmann í þessu máli, fengum við álit annara lögmanna. Meðal þess sem fram kom var eftirfarandi:

Helstu brot stjórnvalda við meðferð málsins og ákvörðunartöku

Fiskistofa vanrækti skyldu sína til að upplýsa nægjanlega mál sem byrjaði að frumkvæði stjórnvalds og rekið var til álagningar refsikenndra viðurlaga. Vanrækslan fólst í því að rannsaka ekki til hlítar þau gögn og upplýsingar sem sannanlega lágu fyrir og rannsóknarþoli benti sérstaklega á að gætu upplýst um staðreyndir málsins. Fiskistofu var óheimilt að byggja áætlun sína á einkaskjali sem ekki var samið til að upplýsa Fiskistofu eða aðra um magn birgða fyrirtækisins á ákveðnu tímamarki. Fiskistofu og úrskurðarnefnd var óheimilt að beita sönnunarreglu til sakfellingar í stað þess að upplýsa málið eða áætla magn og andvirði sjávarafla eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja

Ennfremur er skrifað í álit: Horfa verður til 6. gr Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð, sem hefur lagagildi á Íslandi og 70. gr. Stjórnarskrárinnar. Beiting sönnunarreglna þegar um refsikennd viðurlög er að ræða fylgir sakamálaireglum, þ.e. hallinn á því sem óupplýst er á að falla á stjórnvaldið. Réttur aðila að stjórnsýslumáli til að fella ekki á sig sök gildir hér á landi við meðferð stjórnsýslumála komi til greina að leggja stjórnsýsluviðurlög á, sem teljast viðurlög við refsiverðu broti í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, t.d. álagning stjórnvaldssekta, álag, svipting réttinda eða afturköllun leyfis sem viðurlög í tilefni af lögbroti. Brot á reglunni hafa birst þannig að aflað er upplýsinga frá manni, jafnvel með þvingunarúrræðum, sem síðan eru notuð til sakfellingar í öðru máli, sjá t.d. dóm 25.02.1993 í máli MDE nr. 10828/84 *Funke gegn Frakklandi* og dóm 17.12.1996 í máli MDE nr. 19187/91, *Sanders gegn Bretlandi*. Sjá hér einnig t.d. dóm HR 16.03.2007 í máli nr. 92/2007. Með sama hætti er það brot gegn rétti til að fella ekki á sig sök að leggja hið handskrifaða blað orðrétt til grundvallar álagningu Fiskistofu, enda þótt upplýst væri og ástæður þess skýrðar, að skjalinu var ekki ætlað að túlkast samkvæmt orðanna hljóðan.

Almennt mat.

Það var mat þeirra aðila sem við leituðum til, lögmanna sem og annara aðila að þetta væri alveg borðliggjandi að Fiskistofa væri að brjóta á okkur með þessum vinnubrögðum, þetta gátu allir séð, nema þau sem störfuðu hjá Fiskistofu.

Endurvigtunarleyfið

Nú hef ég rakið lauslega stóra málið og gjaldið sem okkur var gert að greiða í verkefnasjóð sjávarútvegsins. Samhliða því var svo annað mál sem var beintengt. En við fengum bréf frá Fiskistofu í lok árs 2011 þar sem var óskað eftir skýringum á vigt á staðnum, starfsmaður okkar hringdi í Fiskistofu og taldi sig hafa svarað nægjanlega en í febrúar árið 2012 fengum við svo bréf þar sem okkur var tilkynnt að við hefðum gerst brotleg við vigtun afla og við því svipt endurvigtunarleyfinu¹ og við gætum ekki sótt um það aftur fyrr en að sex mánuðum liðnum.

Við mótmæltum þessu að sjálfsögðu enda hafði Fiskistofa ekki geta sannað ásakanir sínar í stóra málinu og hvað þá síður hvar þessi meintu brot áttu að hafa átt sér stað í ferlinu. En allt kom fyrir ekki og þau héldu sig við sínar ákvarðanir og héldu því í raun fram að þetta tengdist ekki stóra málinu.

Níðingsháttur Fiskistofu

Leið nú og beið og loksins voru þessir sex mánuðir liðnir, og við höfðum þurft í millitíðinni að greiða hafnarvoginni í Þorlákshöfn fyrir það að senda starfsmenn til okkar til að endurvigta aflann hjá okkur. Við sóttum því um endurvigtunarleyfið að nýju enda ekkert því til fyrirstöðu að við töldum. En á móti okkur tók dónaskapur og lítill viðleytni til að aðstoða okkur að hálfu Fiskistofu, þrátt fyrir að hafa spurt um einhverskonar leiðbeiningar var ekki orðið við því þrátt fyrir leiðbeiningarskyldu sem hvílir á stjórnvaldi en sú sem ég talaði við svaraði höstuglega að hún væri ekki starfsmaður hjá mér eða lögmaður, fór það svo að þau höfnuðu umsókn okkar.

Við fórum því og heimsóttum fiskistofustjóra, Eyþór Björnsson og spjölluðum við hann um þetta mál. Hann tók á móti okkur og var mjög kurteis til að byrja með, ég var því hæfilega vongóður, kannski hafði þetta verið einn starfsmaður sem gengið hefði of langt í að neita okkur um leyfið og Eyþór myndi geta gert eitthvað. En annað kom á daginn, fiskistofustjóri var mjög ákveðinn í því að þetta væri alveg rétt og spurði ég hann því aðeins út í þetta. Ég nefndu við hann að meira að segja glæpamenn fengju ákveðna dóma, m.t.t. tímalengdar og annað, við hinsvegar fengum ekkert að vita, þessu svaraði hann á þá leið að við myndum aldrei fá leyfið aftur, ævilöng svipting. Því næst spurði ég hann hvort þau hefðu heimild fyrir þessu í lögum og bað um fordæmi, hann svaraði því til að þetta hefði ekki verið gert áður og þau væru að prufa þetta í fyrsta skiptið núna og sjá hversu langt þau kæmust.

Þetta sýnir það viðhorf sem var í gangi hjá Fiskistofu, þetta snýst um að negla og refsa, ekki um að leiðbeina og leiðrétta.

Við kærðum þessa ákvörðun því næst til ráðuneytisins og voru þau fljót að senda þetta aftur til Fiskistofu og skipa þeim að taka næstu umsókn okkar til vinnslu. Við sendum því umsókn okkar strax og í janúar árið 2013, 11 mánuðum eftir sviptinguna fengum við endurvigtunarleyfi með skilyrðum sem eftir okkar bestu vitund enginn annar hefur þurft að fylgja, þar á meðal var sérstök tilkynningarskylda svohljóðandi: "Þegar tekið er á móti afla til endurvigtunar skal tilkynna Fiskistofu a.m.k. 4 klst. áður en vigtun hefst og ekki síðar en kl.

¹ Endurvigtunarleyfi er leyfi sem fyrirtæki hafa til að geta vigtað rétta ísprósentu af aflanum

16:00 á virkum dögum um fyrirhugaða endurvigtun afla. Í tilkynningu skal koma fram upphafstími endurvigtunar, nafn skips sem landar afla, löndunardagur, fisktegund og áætlað magn afla." Ég veit nú ekki nákvæmlega hvernig maður veit á föstudegi hvað maður veiðir yfir helgina í magni. En þessu fórum við eftir en mótmæltum engu að síður og kærðum þetta til dómstóla þar sem Fiskistofa hafði fram að þessu reynt að halda því fram að endurvigtunarleyfissviptingin væri ekki beintengd stóra málinu.

Við höfðum samband við Fiskistofu strax eftir að dómur í stóra málinu féll og óskuðum eftir því að endurvigtunarleyfið yrði endurskoðað og veitt að nýju án allra sérstakra skilyrða sem þau féllust á og er því komin tenging endurvigtunarleyfisins við hið stóra mál.

Endurvigtunarmálinu sem við skutum til dómstóla var þó að lokum vísað frá dómi núna í nóvember síðastliðnum því við hefðum ekki lengur lögvarða hagsmuni í ljósi þess að við hefðum fengið endurvigtunarleyfið að nýju og vísaði dómurinn í leyfið sem við fengum í janúar, þrátt fyrir þessi sérstök skilyrði, ákaflega sérstök ákvörðun þarna á ferð.

Ábyrgð fjölmiðla

Fjölmiðlasúpan á Íslandi er rekin áfram af því sem selur frekar en því sem réttast reynist í mörgum tilfellum. Á meðan við vorum undir rannsókn Fiskistofu sá fréttastofa Ríkisútvarpsins ástæðu til þess að tilkynna í fréttum sínum að nokkur fyrirtæki væru undir rannsókn Fiskistofu, voru þau nafngreind og meðal annars Hafnarnes VER hf, tóku fleiri þá frétt upp og birtu, þar á meðal DV. Það vakna hjá manni áleitnar spurningar um það, hvers vegna Fiskistofa segir frá eða staðfestir hvaða fyrirtæki séu til rannsóknar hjá þeim, enda rannsókn ekki það sama og sekt, jafnvel þó að margir telji svo vera, hér eru Fiskistofa og fjölmiðlar að stíga ógæfuspor. Við spurðum starfsfólk Fiskistofu hvað þeim gengi til með því að segja frá rannsóknum þeirra í fjölmiðlum, þau neituðu fyrst en játuðu síðar að hafa að minnsta kosti staðfest þetta við fjölmiðla.

Þegar úrskurður Fiskistofu birtist á heimasíðu þeirra þá var ríkisfjölmiðillinn fljótur til að birta frétt þess efnis að Fiskistofa hefði fundið Hafnarnes VER hf sek og gert þeim að greiða rúmlega 20 milljónir, DV fylgdi svo í kjölfarið og birti frétt þess efnis og fór svo í sína venjubundnu sannleiksnúninga en sannleikurinn skiptir DV litlu máli því þeir eru í því að selja sögur frekar en fréttir.

Nú sáu þessir fjölmiðlar ástæðu til þess að birta fréttir bæði af því að Hafnarnes VER hf hefði verið undir rannsókn og svo þegar úrskurðurinn féll en þeir sáu ekki ástæðu til þess að fjalla um málið þegar Fiskistofa tapaði málinu fyrir dómstólum og Hafnarnes VER fór með sigur af hólmi. Það þótti fjölmiðlum ekki nógu fréttæmt að undanskildum mbl.is sem að fjallaði um þetta í lítilli frétt að Fiskistofa hefði tapað málinu.

Botninn tók svo úr í nóvember þegar DV blandaði saman endurvigtunarmálinu sem var vísað frá dómi og stóra málinu sem við sigruðum, DV menn voru fljótir að skella upp frétt að máli Hafnarnes VER hafi verið vísað frá dómi undir fyrirsögninni og fullyrðingunni „Landaði framhjá vigt og lögsótti ríkið“ einn aðili hafði samband við þá og bendi þeim á að þeir væru að blanda saman málum og þetta væri annað mál, þeir brugðust við því að vissu leyti og

lagfærðu fréttina eins lítið og þeir mögulega gátu svo enn leit út eins og við hjá Hafnarnes VER værum einhverjir sökudólgar. En þetta virðast vera vinnubrögðin hjá DV að reyna að láta útgerðarfyrirtæki líta illa út og helst sem glæpamenn. Sannleikurinn virðist vera ódýr og óþarfi í bókum DV manna.

Ekki einu sinni Fiskistofa hefur séð sóma sinn í að birta niðurstöðu málsins á heimasíðu sinni. Enda virðist það bara nauðsynlegt þegar menn eru sakfelldir að þeirra mati virðist vera.

Þetta eru alveg ótrúleg vinnubrögð fjölmiðla og þurfa þeir alvarlega að hugsa sinn gang. Ef menn eru á annað borð tilbúnir að flytja fregnir af sekt fyrirtækja þá ættu þeir að sýna manndóm með því að birta frétt um það þegar fyrirtækjum tekst að hrekja svona þvælu og leiða sannleikann í ljós. Mér þykir það að sama skapi vera fréttamatgur hversu illa Fiskistofa og úrskurðanefnd hafa staðið að öllu þessu ferli.

Áhrif

Áhrifin sem þessi mál hafa haft eru talsverð, þetta hefur truflað starfsemi hér hjá okkur þar sem mikil vinna fólst í því að vinna að leiðréttingu málsins. Virðing Fiskistofu fyrir tíma okkar virtist vera takmörkuð sem sýndi sig meðal annars í því þegar þau tóku gögnin öll í sundur sem við höfðum fundið til og rugluðu þeim öllum saman, þetta tók mikinn tíma og sýnir vel hversu vel þau stóðu sig í verki líkt og áður hefur verið nefnt. Þetta mál var álitshnekkur á okkur á meðan því stóð og ekki voru allir sem þekktu staðreyndirnar nógu vel til að sjá hversu rangt þetta var, það aftraði þó ekki fólki frá því að mynda sér skoðun um þetta og segja eitthvað, ýmist á bak við okkur eða beint við okkur.

Skýrasta dæmið kemur sennilegast frá Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu, en við vorum ásamt öðru fyrirtæki að vinna í því að setja á fót þróunarverkefni í leiðréttingu á slægingarstuðli². Okkur barst hinsvegar bréf frá fyrrgreindu ráðuneyti þann 11. október 2012 þar sem ráðuneytið lýsti yfir áhyggjum yfir því að Fiskistofa hafi úrskurðað gegn Hafnarnesi VER og bentu þau svo á að í kjölfarið hafi Fiskistofa einnig svipt Hafnarnes VER endurvigtun og svo hafnað beiðni Hafnarnes VER um endurnýjun. En líkt og áður kom fram þá sneri ráðuneytið þeirri ákvörðun við og skikkaðu Fiskistofu að veita okkur endurvigtunarleyfið að nýju. Þessir ákveðnu ráðuneytisstarfsmenn sáu þarna ástæðu til að refsa okkur frekar en gert hafði verið á grundvelli hinna röngu ásakana. Við vorum því sett út í kuldann og verkefninu hafnað á þessum grundvelli. Þetta er hluti áhrifanna sem málið hefur haft.

Úrbóta er þörf

Það er nokkuð ljóst af þessu að víða er pottur brotinn og nauðsynlegt er að lagfæra hjá ákveðnum aðilum. Það virtist vera að í þessu máli hafi algerlega skort yfirsýn af hálfu Fiskistofu. Ef eitthvað í framburði starfsmanna Fiskistofu fyrir dómi var rétt þá virtist enginn aðili skoða málið heilstætt heldur hver í sínu horni, það var sama hvað við sögðum, ekki var hlustað og þær sannanir sem við komum með voru hundsáðar. Til að mynda voru tölvupóstar

² Slægingarstuðull er sú prósentu sem dregin er frá lönduðum óslægðum afla sem talið er vera slóg. Sem dæmi, nú er talað um 16% slægingarstuðul, ef landað er 1000 kg óslægt er 840 kg tekið af aflaheimildunum 160 kg er slóg. Á vertíðinni getur slóghlutfall hæglega farið vel yfir 30%

sem sönnuðu mál okkar kallaðir ótrúverðug gögn og síðar fram komin, en við létum þau fá póstana um leið og við gátum mótmælt þessu og þau gleymdu því að þau höfðu tekið afrit af tölvunum þar sem þessir póstar voru til staðar. Þrátt fyrir að líta niður og pósta og önnur gögn tóku þau sem nýju neti handskrifuðu minnisblaði sem átti að gefa varlega áætlaða verðmætatölu fyrir ársreikning og byggðu allt sitt mál á því blaði.

Hroki þeirra hjá Fiskistofu var alger og þegar þau ætluðu að svipta okkur endurvigtunarleyfi fyrir fullt og allt þá sást vel hversu hlutdræg þau voru, þau tóku lögin í sínar hendur. Eitt er það að prufa sig áfram, en að prufa sig áfram á máli sem er jafn veikt og þetta var sýnir ákveðinn dómgreindarskort.

Hlutlausí eftirlitsaðilinn sem er hlutdrægur

Verkefni Fiskistofu er að vera hlutlaus/hlutlægur eftirlitsaðili sem hefur leiðbeinandi hlutverk. Þess í stað virðast þau staðráðnir í því að sýna vald sitt og refsa öllum sem þau geta mögulega sett eitthvað á. Eftir að dómur í okkar máli féll hef ég haft fregnir af minnsta kosti tveimur málum þar sem svipað var undir en úrskurðarnefndin hafi að lokum hafnað Fiskistofu, eftir að okkar mál féll að mér skilst. Okkar mál virtist vera ákveðið prófmál sem sýndi galla á verkum Fiskistofu sem ekki eru til eftirbreytni. Fiskistofustjóri hlýtur að íhuga mál sitt alvarlega eftir þennann kinnhest og eðlilegt er að hann geri það. Einn starfsmaður Fiskistofu sem var ákaflega kokhraust í þessu ferli sagði meðal annars við okkur að ef þau töpuðu þessu þá væri ljóst að það þyrfti að taka til hjá þeim.

Niðurstaðan er nú komin, því segi ég við ykkur hjá Fiskistofu og aðra sem málinu tengjast, takið til hjá ykkur!

Úrskurðarnefnd á villigötum

Úrskurðarnefndin er annar kafli í þessu en þau brugðust einnig skildum sínum. Ég ætla ekki að segja að þau eigi að víkja þó það væri réttast en ég vil þó nefna eitt sem mætti laga í sambandi við þessa úrskurðarnefnd. Það vantar fulltrúa frá sjávarútvegnum til að gæta þess að mál séu nægilega rannsökuð. Það er ljóst að málið var ekki rannsakað nægilega og tel ég að með því að hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í nefndinni sé einhver til staðar til að tempra þá samofnu ást sem virtist vera á milli nefndarinnar og þeirra sem nefndin virðast ekki geta bjargað sér án, með öðrum orðum „Fiskistofu“. Það er óeðlilegt að málum sem þessum sé hleypt í gegn án þess að sinna rannsóknarskyldum sínum.

Ekki allir slæmir

Ég vil taka það fram að ekki eru allir starfsmenn Fiskistofu sem eru slæmir, þar er margt frábært fólk sem gott er að eiga samskipti við, sem í samvinnu og með samræðum starfa að málum, enda á það að vera hlutverk Fiskistofu. Það er alveg klárt mál að það þarf að taka til og vona ég að ráðherra, ráðuneyti, fiskistofustjóri, starfsfólk Fiskistofu og aðrir aðilar sem einhverju geti breytt taki sig til og lagfæri það sem svo augljóslega hefur sýnt sig að vera gallar í kerfinu og leggi allann valdhroka á hilluna.

Ferli sem tók á

Þetta hefur verið langt og erfitt ferli, við sem störfum hérna erum fjölskylda og hefur þetta ferli haft bein áhrif á okkur á meðan þetta ferli hefur verið í gangi, það er erfitt að sitja undir röngum ásökunum sérstaklega þegar þeim er básúnað í fjölmiðla og fólk fær ranga hugmynd af okkur.

Starfsmenn Fiskistofu hætta þegar klukkan slær fimm og þæla ekkert í þessu þegar þau eru búin í vinnunni, en þetta mál var með okkur í fjölskyldunni yfir matarborðinu, þegar maður lagðist til hvílu og þegar maður spjallaði við aðra sem voru nákomnir okkur. Þeir starfsmenn sem starfa í eftirlitsiðnaði verða að hafa það í huga að þegar þeir koma fram með fullyrðingar þá hafa þær áhrif. Eftirlitsaðilarnir geta kannski stimplað sig út kl. 17, en þeir sem fyrir eftirlitinu verða stimpla sig ekki út, áhyggjurnar og annað fylgir þeim alla daga á meðan svona máli stendur.

Ef þetta mál hefði verið unnið af meiri fagmennsku og ekki með þessum hroka sem maður varð fyrir, þá hefði þetta hugsanlega ekki haft svona mikil áhrif á okkur, en maður tekur þessu sem árás á fjölskylduna og því tekur maður aldrei létt.

Með vinsemd og virðingu
Ólafur Hannesson
Framkvæmdastjóri Hafnarnes VER hf.